

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 11. kafla:

Tolltaxti í A-dálki í tollskrárnúmerum 1105.2001 og 1105.2009 verði 15%. Tolltaxti í A-dálki í tollskrárnúmerum 1108.1301 og 1108.1309 verði 7%.

2. Á 19. kafla:

Tollskrárnúmer 1905.3029 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 1905.3022 og 1905.3029. Tollskrárnúmer og tolltaxtar verði svohljóðandi:

		A %	A1 kr/kg	E %
1905.3022 ----	Sætakex og smákökur, sem innihalda minna en 20% af sykri	20	23	0
1905.3029 ----	Annað sætakex og smákökur	20	23	0

3. Á 21. kafla:

Tollskrárnúmeri 2106.9031 er skipt upp í tvö tollskrárnúmer, 2106.9031 og 2106.9032. Tollskrárnúmeri 2106.9039 er skipt upp í tvö tollskrárnúmer, 2106.9038 og 2106.9039. Tollskrárnúmer og tolltaxtar verði svohljóðandi:

		A %	A1 kr/kg	E %
--	Búðingsduft:			
2106.9031 ---	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna sem inniheldur mjólkurduft, eggjahvítu eða eggjarauðu	0	82	
2106.9032 ---	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna sem inniheldur hvorki mjólkurduft né eggjahvítu eða eggjarauðu.....	0		
2106.9038 ---	Annað, sem inniheldur mjólkurduft, eggjahvítu eða eggjarauðu	0	82	
2106.9039 ---	Annað, sem inniheldur hvorki mjólkurduft né eggjahvítu eða eggjarauðu	0		

4. Á 40. kafla:

Undirliður 4015.19 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 4015.1901 og 4015.1909. Tollskrárnúmer og tolltaxtar verði svohljóðandi:

		A %	E %
--	Aðrir:		
4015.1901 ---	Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994	0	0
4015.1909 ---	Annars.....	15	0

5. Á 61. kafla:

Undirliður 6116.10 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 6116.1001. og 6116.1009.

Tollskrárnúmer og tolltaxtar verði svohljóðandi:

		A	E
		%	%
-	Hanskar, gegndreyptir, húðaðir eða hjúpaðir með plasti eða gúmmí:		
6116.1001 --	Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994	0	0
6116.1009 --	Annars.....	15	0

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 107

14. júlí 1995

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 14. júlí 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 108

28. ágúst 1995

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í gær. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 28. ágúst 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.